

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 551 29. desember 1988 um stjórn botnfiskveiða 1989.

1. gr.

Við 11. gr. reglugerðarinnar bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðist þannig:

Sigli veiðiskip með eigin afla til sölu á markað erlendis, skal skipstjóri, strax er skipið hættir veiðum, senda veiðieftirliti sjávarútvegsráðuneytisins upplýsingar í símskeyti (telexi eða telefaxi) þar sem tilgreint er magn hvernar fisktegundar, eins nákvæmlega og unnt er. Jafnframt skal tilgreina umboðsmann, sölustað og áætlaðan söludag. Dreifist afli til fleiri söluaðila erlendis skal þess getið sérstaklega.

Útflytjandi óunnins afla skal, áður en afli er settur um borð í flutningatæki, tilkynna til veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytisins á þar til gerðu eyðublaði, er veiðieftirlitið lætur í té, um útflutt aflamagn frá hverju einstöku fiskiskipi sundurliðað eftir tegundum. Sé afli sama skips fluttur út í fleiri en einum gámi, skal skila eyðublaði fyrir hver gám.

Skipstjóri veiðiskips, sem landar afla erlendis og útflytjandi óunnins afla skulu tryggja að umboðsmenn eða kaupandi erlendis sendi samdægurs skýrslur til Fiskifélags Íslands um sölu afla erlendis þar sem tilgreint er endanlegt magn hvernar fisktegundar og söluverð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990 til þess að öðlast gildi 10. júní 1989 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. maí 1989.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar með síðari breytingum, skulu frá 1. maí s.l. hækka um 5,3% frá því, sem þær voru í aprílmánuði s.l.

Bætur samkvæmt 19. gr. skulu hækka jafnmikið frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum 67/1971 um almannatryggingar, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. maí 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.